



Yfirlitsskýrsla  
Maí 2009  
Greipur Gíslason og Þórey Vilhjálmsdóttir



## Inngangur

Dagana 26. – 29. mars árið 2009 stóð Hönnunarmiðstöð Íslands fyrir hönnunardögum sem hlutu nafnið HönnunarsMars. Hér verður farið yfir verkefnið, undirbúning og aðdraganda. Þessum línunum er ætlað varpa ljósi á verkefnið í heild en um leið vera leiðarvísir að framkvæmd HönnunarsMars komandi ára.

Markmið Hönnunarmiðstöðvar með Hönnunardögum árið 2009 var að kynna íslenska hönnun héraðs sem erlendis, og á mismunandi sviðum samfélagsins. Markhópurinn var almenningur á Íslandi, fjölmiðlar héraðs og erlendis, opinberir aðilar og svo hönnunarsamfélagið. Þessum markmiðum skildi náð með stórsókn um nokkurra daga skeið.

Þegar vinna við eiginlegan undirbúning hófst voru dregnar fram hugmyndir sem þegar voru komnar fram og byggt á þeim. Þær voru í stórum dráttum á þá leið að á hönnunardögum yrði íslensk hönnun eins víða og eins áberandi og mögulegt væri. Hönnunardagarnir áttu að vera bæjarhátíð í Reykjavík og nágrenni þar sem almenningur ætti auðvelt með að verða hönnunarráðgjafi, fjölmiðlar ættu að finna áhugavert efni, hagsmunaaðilar sjá ástæðu til að kynna sér málið nánar og hönnuðir að svara forvitni og fræðast enn meira. Horft var til svipaðra viðburða innan borgarinnar sem utan.

Áður en lengra er haldið er rétt að áréttta að tímaramminn, það er eiginlegur undirbúningstími hönnunardaganna, var stuttur og snarpur. Það hefur auðvitað galla í för með sér. Sökum þess ástands sem var á landinu haustið 2008 var erfitt að hefja undirbúning að fullu og því varð tímaramminn svo naumur. Í þessari samantekt er lagt út frá því að undirbúningstíminn sé starfstími verkefnastjórans sem voru þrjú mánuðir.

Ef vel á að vera er undirbúningstími verkefnis sem þessa ekki styttri en eitt ár. Til að skapa hátíð sem þessari fastan sess þarf að tryggja órofið undirbúningsferli frá ári til árs. Það er alls ekki þar með sagt að sérstakur verkefnastjóri starfi allan þann tíma en að unnið sé eftir áætlun sem miðar að því undirbúa hönnunardagana. Því fylgir þessari samantekt tímalína sem er ætlað að hjálpa starfsfólki og stjórn Hönnunarmiðstöðvar að undirbúa HönnunarsMars á næsta ári.

### Ráðning verkefnastjóra

Gengið var frá ráðningu verkefnisstjóra hönnunardaganna um miðjan janúar 2009. Hann var ráðinn til þriggja mánaða, eða fram yfir verkefnið sem þá þegar hafði verið valin dagsetning í lok mars. Gerður var samningur við verkefnisstjóran þar sem farið var fyrir starfssvið hans, réttindi og skyldur. Lögð var áhersla á að ráða verkefnastjóra sem hefði reynslu af viðburðastjórnun og hefði stýrt jafn viðamiklum verkefnum og Hönnunardagarnir eru.

### Uppbygging

Hönnunardögum var valin sú uppbygging að í stað einnar staðsetningar fyrir einskonar sýningu, var hvatt til þess að viðburðirnir væru um allan bæ; opin hús, sýningar, uppákomur og fleira. Dagskráin væri öllum opin og öllum þeim sem aðild eiga að Hönnunarmiðstöðinni eða sannarlega starfa að hönnun væri boðið að skrá viðburði. Úr yrði því alsherjarhönnunaráhátíð þar sem öllu ægði saman.

Með þessu var auðvitað tekin áhætta því með þessu móti reyndist erfitt að stýra því hvaða viðburðir yrðu í dagskránni. Fram hefur komið sú gagnrýni að dagskrá HönnunarsMars hafði ekki verið nægilega hnitmiðuð og allt of kaótísk. Þetta á við rök að styðjast. En hugmyndafræðin er þannig. Hér var ekki um stýrða sýningu að ræða heldur samansafn mjög ólíkra sýninga og viðburða hverskonar. Úr því verður auðvitað skemmtileg blanda. Það verður komið að þessum hugleiðingum aftur síðar í þessari samantekt.



### Samráðshópur

Fljótlega var samið við nokkra einstaklinga úr stjórn Hönnunarmiðstöðvar og fleiri um að sitja í einskonar samráðshóp verkefnisins. Hópurinn hittist 6 sinnum í ferlinu og fór yfir þau mál sem komu upp. Á fundi samráðshópsins mættu:

- Greipur Gíslason, verkefnastjóri HönnunarMars
- Þórey Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar
- Kristín Gunnarsdóttir, verkefnastjóri Hönnunarmiðstöðvar
- Theresa Himmer, arkitekt
- Egill Egilsson, formaður félags vöru- og iðnhönnuða
- Hlín Helga Guðlaugsdóttir, vöruhönnuðir,
- Birna Geirfinnsdóttir og Hörður Lárusson, grafískir hönnuðir verkefnisins
- Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir, vöruhönnuður
- Hallgrímur Friðgeirsson innanhúsarkitekt.

Auk þeirra sat Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar í fæðngarorlofi nokkra fundanna.

Til að dreifa ábyrgðinni og víkka sjóndeildarhringinn er mikilvægt að hafa fleiri til skrafs og ráðagerða. Hér síðar í þessari samantekt er talað um að koma á fót stjórn HönnunarMars. Í aðdragandanum þyrfti hún að vera töluvert virk og virka sem bakhjarl fyrir starfsfólk miðstöðvarinnar.

### HönnunarMars / DesignMarch

Upp kom sú hugmynd að kalla hönnunardaga Hönnunarmiðstöðvar Íslands HönnunarMars og á ensku *DesignMarch*. Það var ákveðið fljótlega í ferlinu. Skemmst er frá því að segja að nafnið féll vel í kram fólks enda um margt sniðugt. Það var gæfuspor að velja dögnum sterkt nafn fljótlega í ferlinu og skapa þar með öflugt vörumerki til að byggja á í framtíðinni. Fólk getur því gengið út frá því sem vísu í framtíðinni að hönnunardagarnir verði í mars um ókomin ár. Hér eftir verður vísað til verkefnisins sem HönnunarMars í þessari samantekt.



## Dagskráin

Skipta má dagskrá HönnunarMars í nokkra flokka; dagskrá aðildarfélaganna sjálfra og félagsmanna þeirra, dagskrá Hönnunarmiðstöðvarinnar, sameiginlega dagskrá HönnunarMarsins, það er Hönnunarmiðstöðvar og aðildarfélaganna og að lokum dagskrá utanaðkomandi aðila.

Dagskrárliðunum var safnað saman með skráningu á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar. Þar gátu þeir sem stóðu fyrir viðburðum fyllt út sérstakt skráningarform. Skráningin barst svo inn í gagnagrunn hjá verkefnastjóra. Þar komu fram upplýsingar um viðburðinn, tengiliði og tímasetingu. Skráninguna þurfti að hafa á íslensku og ensku.

Sennilegast er ekki hægt að nýttast við þetta fyrirkomulag. Upplýsingarnar sem bárust voru ekki nægjanlega góðar. Fólk vandaði sig mis vel og virtist ekki hafa mikla trú á fyrirkomulaginu. Því er um að kenna að leiðbeiningarnar voru hugsanlega ekki fullnægjandi og að þetta er í fyrsta skipti sem þetta er gert og fólk ókunnugt verkefninu. Það er komið að því hér síðar hvernig skráning aðildarfélaganna ætti að vera háttað og henni um leið stýrt. Þegar kallað var eftir skráningum lá heldur ekki fyrir hvernig dagkránni yrðu gerð skil, hversu umfangsmikil hún yrði eða hvaða upplýsingar þyrfti.

### Dagskrá aðildarféлага

Strax í upphafi lá það fyrir að stærstur hluti dagskrárinnar kæmi frá aðildarfélögum Hönnunarmiðstöðvar. Fyrir jól var farið í einhverja hugmyndavinnu og var það með fyrstu verkefnum verkefnastjórans að hitta forsvarsmenn fagfélaganna níu. Félögin voru mislangt á veg komin í undirbúningnum og því mikilvægt að svo snemma í ferlinu væri þrýst á áframhaldandi undirbúning.

Eðli málsins samkvæmt er mismunandi hvernig faggreinarnar nálgast viðfangsefni sem þetta og sást það strax í frumdrögum dagskrárinnar. Það var líka munur á hvernig félögin nálguðust utanumhald dagkrárinnar. Hér skal lögð á það áhersla að stjórn félaganna var falið það verkefni að virkja sína félagsmenn.

Einhver félögin stóðu sameiginlega að dagskrá sinni í HönnunarMars, að hluta eða heild. Önnur hvöttu félagsmenn sína til að standa fyrir viðburðum af ýmsum toga.

Eins og komið var að ollu þetta fyrirkomulag nokkrum óþægindum. Það má skrifa á nokkra samverkandi þætti. Þar vegur þyngst að HönnunarMars er nýr af nálinni og formið sem hann byggir á ekki þekkt í þessum geira. Fólk gerði sér hugsanlega ekki grein fyrir umfanginu og hvernig tækist til og lagði því ekki nægilega mikið í dagskrá sína. Eins má ætla sú gríðarlega breydd sem felst í hönnun sé í raun nærri óyfirtíganleg og formið sem valið var henti hreinlega ekki öllum faggreinunum. Það er reyndar ólíklegt og einmitt innan þessa forms er allt hæg tog leyfilegt.

Upp hefur komið sú hugmynd að skipað yrði sérstakt fagráð, eða stjórn HönnunarMars með fulltrúm allra félaganna. Ráðið færi yfir allar innsendingar í dagskrána, hreinsaði til og kæmi með tillögur um samruna hugmynda og viðburða. Þetta gæti veið mjög sniðugt.

Rétt er að halda til haga þeirri hugmynd að hugsanlega ætti að innheimta lítið þátttökugjald fyrir þátttöku í HönnunarMars. Þetta myndi tryggja vandaðri vinnubrögð varðandi skráningu og ígrundaðri hugmyndir. Eins gæti þarna verið tekjulind til veglegri útgáfu kynningarefnis einhver gagnrýni hefur komið á þá útgáfu. Henni verða gerð skil síðar.

### Dagskrá Hönnunarmiðstöðvar

Hönnunarmiðstöðin stóð fyrir nokkrum viðburðum í HönnunarMars. Hæst bar auðvitað *opnunarhátíðin í Saltfélagshúsinu við Grandagarð*. Hátíðin þóttist heppnast vel og var vel sótt. Hún sló taktinn fyrir það sem koma skildi og setti fólk í rétta gír. Sérstakur samstarfsaðili við opnunarhátíðina við Cintamani sem kynnti nýja línu snjóbrettafatnaðar með hönnun Katrínar Ólínu Pétursdóttur. Hönnunarmiðstöðin



leitaði eftir samstarfi við Krads Arkitekta við undirbúnings opunarinnar. Það samstarf gekk vel og ber að þakka. Opunarhátíðin var á fimmtudegi kl.18:00 en þar tóku til máls iðnaðarráðherra, menntamálaráðherra og framkvæmdarstjóri Hönnunarmiðstöðvar. Boðið var upp á hressingu, bjór, gos og hvítvín. Yfir 600 manns sóttu veisluna. Til skemmtunar var DJ með trommuleikara og grafík sem vakti lukku, sýning á verðlaunaverkum FÍT, sýning á tilnefningum Íslendinga til Forum Aid verðlaunanna sem og Plug In Studio KRADS arkitekta.

Hönnunarmiðstöðin kynnti, ásamt samstarfsaðilum, *úrslit hönnunarsamkeppninnar Hönnun í anda Errós* í HönnunarMars. Verðlaunaaafhending sem þessi er sniðug viðbót í dagskrána þar sem að þær vekja yfirleitt athygli almennings og fjölmiðla.

Í samvinnu við Ráðuneytið stóð Hönnunarmiðstöð fyrir *Pecha Kucha* kvöldi í HönnunarMars. Pecha Kutcha er nýtt af nálinni á Ísland og íslenskir fyrirlesarar því ekki allir kunnugir fyrirkomulaginu. Viðburðurinn var vel sóttur og fór fram á ensku.

Ef hægt er að halda dagskrá Hönnunarmiðstöðvar í lágmarki og miðstöðin getur einbeitt sér af HönnunarMarsinum í heild er markmiðinu náð. Auðvitað á miðstöðin þó að nýta sér þá umfjöllun sem hönnun fær á tímabilinu og tryggja að ráðamenn eigi öruggt erindi á einhverja viðburðanna. Það tókst í þessum fyrsta HönnunarMarsi.

Opunarhátíðin er mjög mikilvæg. Hana þarf því að halda með stæl. Undirbúningur hennar er á mjög viðkvæmum tíma í undirbúningi verkefnisins sjálfs. Best væri því að úthýsa því verkefni alfarið, eða að mestu leiti, frá lykilstarfsfólkinu. Ef allt annað er klárt má auðvitað ímynda sér að opunarhátíðin megi taka tíma frá lykilfólkinu en það er ekki líklegt að staðan sé með þeim hætti. Það sem helst fór úrskeiðis að þessu sinni var hljóðið sem var mjög lélegt. Því kvörtuðu margir gestir yfir að hafa ekki heyrt þegar ræðumenn töluðu.

Þessu til viðbótar er rétt að nefna að á frumstigum undirbúningsins var stefnt að tvennu til viðbótar í dagskrá Hönnunarmiðstöðvarinnar. Annarsvegar stóð til að sýning á íslenskri hönnun til útflutnings yrði opnuð um leið og HönnunarMars. Henni var frestað. Á sama stað gæti þá hugsanlega verið upplýsingamiðstöð hátíðarinnar og einskona kaffihús eða bar fyrir fólk að koma saman. Þessar hugmyndir eru báðar góðar og hefði verið gaman að geta hrundið þeim í framkvæmd.

Sú athugasemd barst að verið gæti að opunarhátíðina ætti kannski ekki að halda í upphafi HönnunarMars heldur þegar aðeins er liðið á hátíðina, svo fólk gæti borið saman bækur sínar. Það þjónar ekki tilganginum nægilega vel. Réttara væri að standa fyrir hátíðarklúbb þannig að ákveðnum tímum væri samkoma einhverstaðar fyrir fólk til að koma saman, hitta blaðamenn og velta hlutunum upp. Þetta skal athuga vel.

### Sameiginleg dagskrá

Hönnunarmiðstöð Íslands og HönnunarMars kom að, og lagði grunninn að nokkrum viðburðum í dagskránni. Þeir verða ekki tíundaðir hér. Hönnunarmiðstöðin og aðildarfélögin stóðu í sameiningu að fyrirlestraröð í HönnunarMars. Fyrirlestrarnir fóru fram í Þjóðminjasafninu, utan tveggja sem fóru fram á Háskólatorgi Háskóla Íslands. Lagt var upp með að öll félögin leggðu til fyrirlestra um áhugaverð efni og nýjungar í geiranum. Auk þeirra hafði Hönnunarmiðstöðin forgöngu um einhverja fyrirlestrana. Fengin var fundarstjóri, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, prófessor við LHÍ, til að sjá um að dagskrá raðarinnar gengi vel.

Dagskrá fyrirlestraraðarinnar var ágætlega vel sótt að mestu leiti og má ætla að um 1000 manns hafi sótt fyrirlestrana. Hæst bera þá, án vafa, fyrirlesarar erlendu gesta HönnunarMars sem fram fóru á Háskólatorgi.



26.03 / 27.03 / 28.03 / 29.03

47

#### Háskólatorg

13:00 Paul Bennett

26.03 / 27.03 / 28.03 / 29.03

47

#### Háskólatorg

13:00 Bjarke Ingels, BIG.dk

Architecture and Design - Yes is More -  
A theory of Architectural Evolution

26.03 / 27.03 / 28.03 / 29.03

2

#### Þjóðminjasafn Íslands

15:00 Guðrún Lilja Gunnlaugdóttir

Framleiðsla á Íslandi

15:30 Magnús Jenson

Himinn og jörð - skipulag íbúðabygðar  
í þéttbýli

16:00 Kristín Þorkellsdóttir

Hönnun íslensku peningaseðlanna

16:30 Þráinn Hauksson

Það hangir margt á bláþræði,  
útivistarleið um strandlengju höfuð-  
borgarsvæðisins

17:00 Kristján Örn Kjartansson og

Kristján Eggertsson

KRADS - Verk

17:30 Sigríður Sigþórsdóttir

Í sátt við náttúruna

26.03 / 27.03 / 28.03 / 29.03

2

#### Þjóðminjasafn Íslands

14:00 Elízabet Guðný Tómasdóttir

Leikumhverfi - Hvað er það?

14:30 Kristín Þorleifsdóttir

Nautið Guttormur, útilistaverk  
í Laugardal

15:00 Katrín Ólína Pétursdóttir

Hönnun og notkun myndmáls

15:30 Steffan Iwersen og Einar Ólafsson

Krikaskóli and Landsbankinn

16:00 Hörður Lárusson

Hvernig hefði íslenski fáninn  
geta orðið?

16:30 Steinunn Sigurðardóttir

og Páll Hjaltason

17:00 Samúel Torfi Pétursson

Borgarskipulag

Fyrirlestraröðin var haldin í samvinnu við annan bakhjarl HönnunarMars, Morgunblaðið.

Upp hefur komið gagnrýni á fyrirkomulag og þá ekki síst tímasetingu fyrirlestraraðarinnar. Hún á rétt á sér. Griðarlegt framboð dagskrár olli því að fyrirlestrarnir féllu lítið eitt í skuggann. Fyrirlestrarnir, sem margir hverjir voru mjög áhugaverðir og vel úr garði gerðir náðu því til fárra. Hugsanlega væri sniðugra að hafa fyrirlestrana að morgni dags fram að eða yfir hádegi. Einnig kom fram sú hugmynd að hafa fyrirlestrana í aðdraganda eða í lok HönnunarMars og er sú hugmynd alls ekki fráleit. Í kjölfarið tæki svo önnur dagskrá við. Því skal þó haldið til haga að töluverð þyngd var lögð í kynningu raðarinnar.

#### Móttaka forseta Íslands á Bessastöðum

Að frumkvæði Hönnunarmiðstöðvar bauð forseti Íslands til móttöku á Bessastöðum í log HönnunarMars, sunnudaginn 29. mars klukkan 14:00. Þangað komu erlendir gestir, stjórn Hönnunarmiðstöðvar og nokkrir lykilaðilar í dagskránni til viðbótar. Þetta heppnaðist mjög vel og gaf verkefninu aukið vægi.

#### Dagskrá annarra

Nokkrir aðilar stóðu fyrir dagskrá í HönnunarMars sem ekki eiga beina aðild að Hönnunarmiðstöðinni. Það er mikilvægt að halda góðum tengslum við umhverfið allt og því var þetta kærkomið. Hönnunarmiðstöðin átti frumkvæðið að nokkrum þessara viðburða. Þar má nefna sýningu á *Kúlunni á Listasafni Íslands* sem var afar vel sótt. Þá átti hönnuðir frumkvæði að einhverjir framleiðendur og seljendur hönnunar kynntu starfsemi sína í dagskránni. Þar má nefna *Sóló húsgögn*, *A. Guðmundsson*, *Epal* og *Brúnás*. Eins tóku auðvitað einhver fyrirtæki þátt í að opna dyr sínar til að sýna innanhúshönnun og fleira innanþyra.

Við þennan hluta mætti hugsanlega bæta við í dagskrá HönnunarMars. Í kjölfar þess mætti hugsa sér að nýta þátttöku seljenda og framleiðenda til fjáröflunnar fyrir verkefnið. Það væri ekki óeðlilegt. Með því yrði tryggt að augljós ætlan seljenda og framleiðenda væri samþykkt.





## Fjármögnun

Við upphaf undirbúningsins var gerð áætlun um fjármögnun HönnunarMars. Þegar hafði Hönnunarmiðstöðin lagt fjármagn í verkefnið, 3.000.000.- kr., og Reykjavíkurborg styrkt 1.150.000.- kr. Með þessum framlögum var hægt að ráðast í að halda HönnunarMars. Viðbótarfjármagninu var því ætlað að gera HönnunarMars veglegri og sýnilegri. Eins var stefnan að samstarfsaðilar legðu eitthvað til dagskrárinnar og því leitað til þeirra fyrirtækja sem það gætu.

Lagt var upp með að safna tveimur til fjórum aðalsamstarfsðilum sem yrði gert hátt undir höfði sem slíkum í kynningarefni dagskrárinnar. Hugsanlega voru bitarnir of stórir sem voru boðnir en á hinn bóginn erfitt og ekki fýsilegt að safna mörgum smáum samstarfsaðilum. Hér er átt við að í stað þess að safna mörgum smástyrkjum var lagt upp með að safna samstarfsaðilum sem tækju virkan þátt í verkefninu með framlagi fjármuna, frá 700.000.- kr. til 1.000.000.- kr. Kostnaðar- og tekjuáætlun má sjá í *viðauka 2*.

Fyrir lá að um nokkuð erfitt landslag væri að ræða. Efnahagsástand landsins með versta móti og óvissan mikil. Verkefnið sjálft var líka óþekkt og erfitt að sannfæra fólk um ágæti þess sem aldrei hefur verið gert. Skemmst er frá því að segja að fjáröflunin tók mikinn tíma og gekk seint.

Ekki náðist að fá fjármagn frá einkaaðilum í verkefnið fyrir utan Cintamani sem kom að opunarhófi. Heldur seint var lagt upp í að tala við mögulega samstarfaðila og einnig á brattann að sækja vegna erfiðs ástands. Hönnunarmiðstöð gat lagt til 3 milljónir að þessu sinni en það verður ekki hægt 2010 og því þarf að leita leiða til þess að fjármagna næsta ár. Er þar horft til þess að Reykjavíkurborg gæti jafnvel styrkt meira en á þessu ári, með því að hönnuðir greiði fyrir þátttöku og að umhverfi í einkageiranum verði betra.

### Samstarfssamningar

Gerðir voru tveir samningar um stuðning við fyrirtæki. Báðir samningarnir fólu í sér vöruskipti. Icelandair flutti blaðamenn og erlenda gesti til landsins og Morgunblaðið birti heilsíðuauglýsingar í blaðinu og borða á forsiðu mbl.is

Icelandair útvegaði 12 flugsæti, 3 frá hverju starfssvæði sínu. Flugmiðarnir voru af þeirri gerð að sætin voru ekki örugg fyrr en alveg undir brottför. Það olli óþægindum. Hönnunarmiðstöðin greiddi svo flugvallaskatta og önnur gjöld. Niðurstaðan varð því sú að framlag Icelandair var ekki stórt. Samtals voru greiddar 278.594.- krónur í skatta og gjöld til Icelandair. Starfsfólkið var þó mjög elskulegt og hjálplegt.

Morgunblaðið birti 5 heilsíðuauglýsingar í blaðinu og hafði auglýsingaborða á mbl.is í 10 daga, eða frá því að verkefnið var kynnt 19. mars og þangað til HönnunarMars lauk. Þessi samningur er mjög dýrmætur. Með honum varð Morgunblaðið samstarfsaðili Hönnunarmiðstöðvar við að halda fyrirlestraröðina í HönnunarMars. Þessu til viðbótar gaf Morgunblaðið út veglegt sérblað undir heitinu Íslensk hönnun, sem kom út 25. mars.

Þessu til viðbótar var samið við tvö hótél um gistingu fyrir erlenda blaðamenn og gesti. Hótél Borg útvegaði 4 herbergi í 3 nætur og Hilton Reykjavík Nordica seldi herbergi á sérstöku ferði, fyrir alls 144.000.- krónur.

Það er alveg ljóst að umhverfið við fjáröflun var erfitt og þar að auki farið seint af stað í fjáröflunavinnuna. Mikill tími fer í þá vinnu ef vel á að vera og því mikilvægt að undirbúa hana vel í tíma.



## Markaðssetning og fjölmiðlaumfjöllun

Leitað var eftir tilboðum og hugmyndum í útlit HönnunarMars frá nokkrum grafískum hönnuðum. Ákveðið var að semja við og vinna með Vinnustofu Atla Hilmarssonar. Hörður Lárusson og Birna Geirfinnsdóttir sáu um að hanna kynningarefni hátíðarinnar. Í viðauka við þessa samantekt má finna það kynningarefni sem gefið var út en þar á meðal voru áður nefndar blaðaauglýsingar, bæklingur með dagskrá, veggspjald, fánar og veifur.

### Dagskrárbæklingur

Farin var sú leið að gefa út bækling með dagskrá HönnunarMars. Nokkrar umræður spunnust um það í samráðshópnum, hvernig best væri að setja dagskrána upp. Það skýrðist svo ekki fyrr en á lokametrunum hvernig það yrðu gert endanlega þar sem að fram á síðustu stundu bættust við viðburðir. Niðurstaðan var sú að skipta dagskránni í nokkra flokka og raða viðburðunum í stafrófsröð innan þeirra. Flokkarnir voru Sýningar og innsetningar, fyrirlestrar og skoðunarferðir, opin hús og viðburðir. Til stóð lengi framanaf að setja viðburðina upp í tímaröð, það er, skipta þeim niður á daga. Þetta hefði valdið því að margir viðburðanna hefðu verið tví- og þríteknir sem kallaði á meira pláss. Þess vegna var farin sú leið sem getið var um. Því til viðbótar var sett upp einskonar tímalína með dagskránni í bæklinginn. Mjög falleg en kannski ekki nægilega praktísk þegar öllu er á botninn hvolft.

Í bæklinginn komst mjög takmarkað magn af upplýsingum um hver viðburð. Þegar kallað var eftir skráningunum var talað um að fram þyrfti að koma heiti viðburðanna. Við það var stuðst að mestu leiti. Gallin var hinsvegar sá að þetta gátum við ekki alveg vitað þegar skráningarnar komu inn og því heiti viðburðanna oft á tíðum ekki nægjanlega lýsandi.

Ef vel á að vera þarf útgefin dagskrá að vera ítarlegri. Nokkur gagnrýni kom fram um framsetningu dagskrárinnar. Hún á að hluta til rétt á sér. Enn og aftur er það þekkingarleysið og hið nýja verkefni sem veldur því að HönnunarMars þróaðist mjög á meðan á framkvæmdinni stóð. Samráðshópnum var ljóst að erfitt væri að koma svona mikilli dagskrá á framfæri svo vel ætti að vera. Það er mikið mál. Nú þarf að gæta þess að vandað sé til innsendinganna í dagskrá og er þá enn vísað til nauðsynar þess að hafa einhverskonar stjórn sem aðstoðar við það. Eins þarf að veita meira fjármagni í bækling og hann þarf að vera veglegri.

### Heimasíðan

Útbúið var sérstakt heimasvæði HönnunarMars á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar. Þar var dagskránni gerð nánari skil. Það reyndist notadrjúgt. Fólk leitar í auknu mæli á netið í leit að upplýsingum og því mjög mikilvægt að þar séu góðar upplýsingar.

### Fjölmiðlaumfjöllun

Tekin var sú ákvörðun að halda allri umfjöllun um HönnunarMars í aðdraganda hans í lágmarki til þess að fá meiri umfjöllun eftir blaðamannafund. Þann 19. mars, viku fyrir upphaf hátíðarinnar var boðið til blaðamannafundar í miðbænum. Þar var verkefnið kynnt fjölmiðlum formlega í fyrsta skipti. Einhvað hafði þó komið fram í blöðunum um HönnunarMars áður en það var mjög lítið.

Nokkrum dögum áður en blaðamannafundurinn var haldinn kom til starfa Jarþrúður Ásmundsdóttir. Hún tók að sér að halda utanum samskipti við fjölmiðla. Útbúinn var veglegur upplýsingapakki sem innihélt flest það sem koma þyrfti fram auk geisladisks með myndum til birtingar.

Fyrst um sinn var erfitt að koma verkefninu að. Reynslan sýnir að fjölmiðlar eru tregir að birta efni með miklum fyrirvara. Sérstaklega voru ljósvakamiðlarnir erfiðir. Þegar leið á glæddist þetta og eftir á að hyggja er óhætt að vera ánægður með árangurinn. Hæst ber innslög í Kastljósi Sjónvarpsins, áður nefnt sérblað Morgunblaðsins, umfjöllun í Íslandi í dag Stöðvar tvö og viðtöl í útvarpi. Það er mál manna að verkefnið hafi hlotið verðskuldaða athygli.





## HönnunarMars

DesignMarch

**26.–29.03**

Mikilvægt er að ráða fjölmiðlafulltrúa fyrr í ferlinu og þá allavega 4 vikum fyrir blaðamannafund en helst 8 vikum. Huga má að því að ráða almannatengslafyrirtæki í þetta. Deila má um ágæti þess að halda allri umfjöllun í lágmarki framan af. Það er þó líklegt að það hafi gert verkefnið sterkara og heildsteyptara þegar það var kynnt.



## Erlendir gestir

Nokkrir erlendir gestir sóttu HönnunarMars heim. Þetta voru blaðamenn og tveir fyrirlesarar.

### Móttaka erlendra blaðamanna

Strax í upphafi var ákveðið að fá til landsins nokkra erlenda blaðamenn. Fram hefur komið að samið var við Ícelandair um að flytja þá. Tengsl Hönnunarmiðstöðvarinnar urðu til þess að nokkrir blaðamenn staðfestu komu sína fljótt og örugglega. Þá var leitað til hönnuða og fólks í geiranum um uppástungur og tengsl svo hægt væri að bjóða fleirum. Það bar ekki mikinn árangur. Loks var leitað til viðskiptafulltrúa utanríkisráðuneytisins er fram hafði komið að *Visit Iceland* sjóðurinn hafði hug á að stjórja komu einhverra blaðamanna hingað til lands.

Flestir þeirra blaðamanna sem komu, komu fyrir tilstuðlan og eftir ábendingar viðskiptafulltrúanna. Það reyndist því vel að nýta tengsl þeirra. Eins og með flest annað var tíminn naumur og er í raun merkilegt hve vel tókst til með svo litlum fyrirvara.

Þegar HönnunarMars nálgast jókst vinnan við upplýsingagjöf til þeirra sem hugðust koma. Eins reyndist nokkur vinna í að koma þeim til landsins, bóka flug, hótél og þessháttar. Þessi vinna var tímafrek. Þegar blaðamennirnir komu til landins beið upplýsingapakki á herbergjum þeirra í Reykjavík. Þar var dagskrá sem sett hafði verið saman fyrir þá, hugmyndir að viðmælendum, útdráttur úr heildardagskránni auk nokkurra gjafa og boðskorts frá forseta Íslands.

Daniel Golling	Ritstj. ForumAid
Walter Bettens	Ritstj. Dam Mag
Henrik Ohlson	Moroso – tengiliður
Hannah Booth	Guardian og Design Week
Rose Etherington	Dezeen.com
Meghan White *	Freelance
Ayako Hori *	Scandinavian Style
Elizabeth Lee Arnold	Surface
Abe Gurko	Tengiliður
Hugo Lobeck *	Architektur & Wohnen

\* Komu eftir ábendingar sendiráðanna.

Eftirfarandi blaðamenn hugðust koma en afbókuðu á síðustu stundu:

Gabi Czöppan *	Focus Magazin
Jim Motavalli *	NYT

Það er alveg ljóst að vinnan við að finna og bjóða erlendum blaðamönnum þarf að hefjast mun fyrir. Til þess þarf að liggja fyrir snemma það helsta sem verður í boði. Stærstu viðburðirnir og dagsetningar. Mikilvægt er að setja skýr markmið í upphafi hvað eigi að vinnast með því að fá erlenda fjölmiðla og hvaða markaða við viljum ná til.

Best væri að einhver einn, sérstakur aðili gæti séð um þessi mál, frá því að blaðamennirnir hafa staðfest komu sína þangað til þeir koma og á meðan á þeirra dvöl stendur. Það er erfitt fyrir lykilstarfsfólk verkefnisins að sinna því hlutverki. Það er tímafrekt, mikilvægt og þarf að ganga vel.

### Eftirfylgni

Það er mikilvægt að tryggja eftirfylgni og fylgjast þannig með störfum og skilum blaðamannanna. Það er of snemma að geta þess nú hvaða árangri koma þeirra skilaði en einhvert efni hefur þegar birst opinberlega. Eins hefur einhverjum hönnuðum verið boðið að taka þátt í sýningum erlendist í kjölfar heimsóknna í HönnunarMars.



Þegar þetta er skrifað hafa byrst greinar á Dezeen.com, í the Guardian og í Design Week, grein bíður birtingar í Forum Aid, og eins í Dam Magazine. Annað liggur ekki fyrir.

#### **Erlendir fyrirlesarar og gestir**

Tveir erlendir fyrirlesarar komu og til landsins í tilefni að HönnunarMars. Fyrst er að telja danska arkitektinn Bjarke Ingels. Það var mikill fengur af honum og vakti koma hans athygli, ekki síst í ljósi þeirra tengsla sem hann á við íslensk verkefni. Fyrirlesturinn var afar vel sóttur og mæltist vel fyrir. Bjarke tók þátt í annarri dagskrá sem félagar og samstarfsmenn á Íslandi höfðu undirbúið í samvinnu við hann auk þess sem hann tók sér smá frí og ók útúr bænum.

Breski hönnuðurinn og hugsuðurinn Paul Bennet, hönnunarstjóri Ideo flutti einnig fyrirlestur í fyrirlestraröðinni. Það var ekki síður fengur af Paul. Hönnunarmiðstöðin hafði veg og vanda að skipulagninu heimsóknar hans en auk þess að flytja fyrirlesturinn átti hann fundi með ráðamönnum og stjórnáráðgjafum. Heimsókn hans var vel heppnuð og vakti vonir um framahald á samstarfi. Þess má geta að ásamt Paul komu tveir starfsmenn fyrirtækis hans með honum, Svava Atladóttir og Andrea Kershaw.



## HönnunarMars 2009

HönnunarMars var stórt og viðamiklegt verkefni. Þó svo að hiti og þungi dagskrárinnar sjálfrar hafi hvílt á herðum mjög margra sem stóðu að viðburðunum var mjög mikið starf sem fram fór síðustu dagana fyrir verkefnið sjálft og á meðan á því stóð. Nær allur tími starfsfólks Hönnunarmiðstöðvarinnar fór í HönnunarMars.

Verkefnið þóttist takast vel og mæltist vel fyrir. Hér á undan hefur verið farið yfir þau atriði er tengjast dagkrá og umfjöllun og því óþarfi að nefna það. Skammur undirbúningstími hefur verið tíundaður sem og fjárskortur. Það er ljóst að á lokasprettinum bitnaði þetta á starfsfólki miðstöðvarinnar og örugglega á einhverjum þáttum verkefnisins.

Þess skal þó getið að ráðnir voru sérstakir aðstoðarmenn í tvö verkefni. Fram hefur komið að Jarprúður Ásmundsdóttir tók að sér að halda utanum upplýsingar til innlendra fjölmiðla en það starf er tímafrekt og mjög mikilvægt að einhver geti einbeitt sér að þeirri vinnu. Þá var ráðinn hagleiksmaður og sendill til ýmissa tilfallandi starfa. Það var Elvar Már Kjartansson sem ráðinn var í þetta verkefni.

Það er mjög mikilvægt að á lokasprettinum sé úr einhverjum hópi starfsfólks að ráða. Ekki síst í stuttar sendiferðir, til að vera til staðar til að ganga í verkin og til að aðstoða almennt. Þeim fjármunum er ekki illa varið og oftast spara svona stafrsmenn peninga heldur en hitt.

### Lokaorð

HönnunarMars er kominn til að vera. Þetta fyrsta skipti sem hann er haldinn virðist hafa virkað og fallið í kramið. Það er mikilvægt að hefja strax undirbúningsvinnuna að þeim næsta. Þessari samantekt er ætlað að aðstoða við þá vinnu. Þá kemur ekki síst að notum tímalínuna sem er að finna í *viðauka 1*.

Greipur Gíslason  
verkefnastjóri HönnunarMars 2009

Þórey Vilhjálmsdóttir  
Framkvæmdastjóri



## Viðauki 1: Tímalína

---

<b>Mars</b>	Dagsetning ákveðin fyrir næsta HönnunarMars.
<b>Apríl</b>	
<b>Mái</b>	Sendu dagsetninguna til ferðapjónustunnar, svo sem Ferðamálastofu, Höfuðborgarstofa, flugfélög, sendiráð
<b>Júní</b>	Farið yfir styrkjamála – áætlun gerð (hugmyndir af styrkjum) Bóka skilti hjá Höfuðborgarstofu
<b>Júlí</b>	Gera lista yfir sýningar erlendis – hverjir eru að fara? Koma á þá efni. Huga að ráðningu verkefnastjóra
<b>Agúst</b>	Tryggja að ferðapjónustan sé með á nótunum. Bóka mikilvægt sýninga- og viðburðahúsnæði, svo sem listasöfn Sýning í Hönnunarsafni – ath. Verkefnastjóri ráðinn
<b>September</b>	Stjórn HönnunarMars kemur saman Hugmyndavinna að erlendum fyrirlesurum Tryggja mikilvæga gesti (forseti, ráðherrar) Hugmyndafundur með utanaðkomandi aðilum, svo sem listasöfnum.
<b>Október</b>	Kynningarefni á ensku tilbúið Save the date bréf sent út á mikilvæga gesti og blaðamenn Koma dagsetningum á framfæri í atburðadagatöl
<b>Nóvember</b>	Aðildarfélögin og félagsmenn virkjaðir Kanna áhuga erlendra sendiráða á samstarfi
<b>Desember</b>	Kanna útgáfudagsetningar tímarita – tryggja pláss Fyrstu hugmyndir frá aðildarfélögum koma inn
<b>Janúar</b>	Fjáröflun lokið Kynna verkefnið fyrir tímaritum og tryggja umfjöllun Flug og hótél fyrir erlenda gesti Gera kynningaráætlun og ráða kynningarfulltrúa
<b>Febrúar</b>	Dagskrá yfir mikilvægustu viðburðina kemur út Semja við fjölmiðla um birtingar Dagskrá tilbúin
<b>Mars</b>	Ráða aðstoðarfólk  HönnunarMars

---



Viðauki 2: Kostnaðaráætlun (Ekki staðfest í bókhaldi)

Kostnaður:				Tekjur:			
Liður	Einingaverð		Samtals	Liður	Einingaverð		Samtals
Laun verkefnastjóra	437.500 kr.	3	1.312.500	Hönnunarmiðstöð	3.000.000 kr.	1	3.000.000
Grafísk hönnun	925.000 kr.	1	925.000				
Prentun í Landsprenti	419.565 kr.	1	419.565	Reykjavíkurborg	1.170.000 kr.	1	1.170.000
Vísir	100.000 kr.	1	100.000	Ícelandair	500.000 kr.	1	500.000
Brot	140.000 kr.	1	140.000	Cintamani	450.000 kr.	1	450.000
Opnunarhóf	815.000 kr.	1	815.000				
Flugmiðar	257.000 kr.	1	257.000				
Akstur	91.700 kr.	1	91.700				
Hótel	144.000 kr.	1	144.000				
Prentun í Pixel	200.000 kr.	1	200.000				
Prentun í ATH	380.000 kr.	1	380.000				
Blaðafulltrúi	70.000 kr.	1	70.000				
Dreifing	90.000 kr.	1	90.000				
Aðstoðarmaður	112.050 kr.	1	112.050				
Ljósmyndataka	95.865 kr.	1	95.865				
Ljósmyndari	124.500 kr.	1	124.500				
Sjóður	25.000 kr.	1	25.000				
Sendingakostnaður	79.352 kr.	1	79.352				
	<b>Samtals:</b>		<b>5.381.532</b>		<b>Samtals:</b>		<b>5.120.000</b>

